

Borgarráð 4.10.'18: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aukna þjónustu skrifstofu borgarstjórnar við borgarfulltrúa - R18100130

Flokkur fólksins óskar eftir að fá aukna aðstoð frá skrifstofu borgarstjórnar svo sem lögfræðiaðstoð og aðstoð með texta og prófarkalestur á tillögum og fleira í þeim dúr. Borgarfulltrúar sérstaklega minni flokkanna í minnihlutanum eru undir miklu álagi að sinna öllum skyldum en einnig að halda úti málatilbúnaði og undirbúningi funda. Á skrifstofu borgarstjórnar eru starfsmenn sem borgarfulltrúum var sagt að myndu vera þeim til aðstoðar en aðstoðin er hvorki næg né nógu víðtæk. Sú aðstoð sem hér er beðið um er ekki þar innifalin. Nauðsynlegt er að útvíkka þessa aðstoð þannig að borgarfulltrúi geti leitað til skrifstofunnar eftir lagalegri ráðgjöf og aðstoð við undirbúning mála, tillagna og fyrirspurna